

Raforkumálastjóri,
Jarðhitadeild.

JARDHITI Í NÁGRENNI SELFOSS

Eftir

Jens Tómasson

Október 1965

ETHNISYFIRLIT

Bla.

Jarðfreði	1
Innrennsli af vatni	2
Hitamælingar	4
Efnagreiningar á vatni	6
Helstu niðurháðar	9

TÖFLUR

Tafla 1. Fjórar gamlar efnagreiningar af vatni úr bortholum frá Þorleifskoti og Laugardælum.

Tafla 2. Fimm nýjar efnagreiningar af vatni úr bortholum frá Þorleifskoti og Laugardælum.

Tafla 3. Úrjár efnagreiningar af vatni frá holu 2, Þorleifskoti. Fessar efnagreiningarinnar svanda einnig f. töflum 1. og 2.

Tafla 4. Úrjár gamlar efnagreiningar af vatni frá Laugardælum.

MYNDIR A, sem nefndar eru í texta.

1. Kort eftir Jón Stefán Arnórsson, gert 1. september 1965. Fnr. 7188.
2. Jarðlagasnið eftir Þorstein Thorsteinsson, Fnr. 5172.

Gumlar myndir, sem ekki eru nefndar í texta.

3. Hæðarkort af Laugardælum og nágrenni eftir Þorstein Thorsteinsson, Fnr. 1766.
4. Viðnámsmælingar við Laugardæli. Fnr. 1765.
5. Viðnámskort af Þorleifskoti og nágrenni, Fnr. 1779 (F. Th.).
6. Viðnámsmæling í Laugardælum. Prófill no. II. Fnr. 1782.

MYNDIR B.

Hitamælingar í borholum.

1. Borhola nr. 3 (14) Þorleifskoti, mælt 2/3 1959. Fnr. 4260.
2. Borholum nr. 1, 2 og 3 Þorleifskoti, mælt 1/9 1965. Fnr. 7182.
3. Borhola nr. 4 Þorleifskoti, mælt 12/4 1963. Fnr. 6469.
4. Borhola nr. 4 Þorleifskoti, mælt 10/9 1965.. Fnr. 7185.
5. Borhola nr. 2 Þorleifskoti, mælt 10/9 1965. Fnr. 7187.
6. Borhola nr. 6 Þorleifskoti, mælt 10/9 1965. Fnr. 7186.
7. Borhola nr. 7 Þorleifskoti, mælt 1/9 1965. Fnr. 7181.
8. Borholum nr. 1 og 2 Laugardælum, mælt 1/9 1965. Fnr. 7183.
9. Borholu vestan Ölfusár, mælt 9/11 1962. Fnr. 5885.
10. Borholu vestan Ölfusár, mælt 24/6 1963. Fnr. 6462.
11. Borholu við Árbæ í Ölfusi, mælt 17/2 1964. Fnr. 6599.

JARÐHITI Í NÁGRENNI SELFOSS

Eftir Jens Tómasson

Í Laugardælum og Þorleifskoti hefur verið borað eftir heitu vatni fyrir Hitaveitu Selfoss. Það var byrjað að bora í Laugardælum árið 1945. Mest var borað með höggbor, og holur sem voru grynnri en 100 m. Í allt voru boraðar þar 11 holur. Aðeins er dælt úr einni holu nú, holu 10. Vitað er um tvær aðrar holur, en hinar munu vera týndar. Við Þorleifskot voru boraðar 5 holur á árunum 1949 - 1952. Fjórar holur voru boraðar með haglabor og voru þær allar yfir 200 m djúpar. En ein hola var boruð með höggbor II, 137 m djúp, hola 2. Síðan hafa verið boraðar tvær holur með Mayhew-bor árið 1963 og hola 1 og 4 dýpkaðar. Allar holur, sem nú er vitað um, eru merktar inn á kort eftir Jón Stefán Arnórsson (mynd 1). Tvö númer eru á sumum holunum við Þorleifskot, og eru þá hærri númerin í hornklofa. Það eru gömul númer, þannig að elzta holan í Laugardælum var númer eitt, en elzta holan í Þorleifskoti númer 12.

Einnig hafa verið boraðar tvær holur í nágrenninu, ein 220 m djúp hola rétt vestan við Ölvusárbrú og önnur hola, sem er fyrir vestan Ölvusá við Árbæ, 476 m djúp.

Jarðfræði

Nokkrar upplýsingar eru til um jarðlagaskipan þessa svæðis, og þá er fyrst og fremst jarðlagasnið eftir Þorstein Thorsteinsson (mynd 2) af 5 holum, sem voru boraðar með haglabor, 4 við Þorleifskot og 1 við Laugardæli. Með þessum jarðlagasniðum er einnig hitamæling.

Auk þess eru í dagbókum bormanna nokkrar upplýsingar um jarðfræði þeirra jarðlaga, sem borað er í gegnum. Berglagaskipan við Þorleifskot er þessi:

Efst er Þjórsárhraun um 10 m þykkt. Þar fyrir neðan kemur um 20 - 30 m þykkt setlag, sem er að mestum hluta hvarfleir, en með eitthvað af sandi. Síðan taka við basaltlag eða lög niður á 60 - 65 m dýpi. Fyrir neðan basaltið tekur við 10 - 20 m þykkt konglomerat, sem nær sem sagt niður á 75 - 80 m dýpi.

Frá 80 - 100 m dýpi er basalt. Þar fyrir neðan eru tvö konglómeratlög, sem eru aðskilin með þunnu basaltlagi, sem er mest 10 m á þykkt. Konglómeratlögin eru misþykk, bæði frá 15 - 35 m á þykkt. Neðra bord neðra konglómeratlagsins er í 160 - 180 m dýpi.

Fyrir neðan 180 m eru basaltlög með minni háttar millilögum. En upplýsingar eru ófullkomnari um jarðlög fyrir neðan 250 m en fyrir ofan. Dýpst holanna er hola 6, 502 m.

Innrennsli af vatni

I jarðlagasnið Þorsteins Thorsteinssonar (mynd 2) er einnig merktur inn leki í holunum. Eftir því virðist vatnið koma úr láréttum lögum og ýmist með lagmótum eða stundum inn í konglómeratlögunum. Til dæmis virðast bæði samliggjandi konglómeratlögin frá 100 - 180 m dýpi gefa vatn.

Við nýrri boranir er eftirfarandi vitað um vatnstap og vatnsborð í holunum.

Þorleifskot. Hola I.

Skolvatn kom dræmt eftir 172 m, hvarf í 191 m en kom aftur í 264 m.

Þorleifskot, Hola IV (dýpkun)

Skolvatn hvarf í 230 - 231 m

Holan byrjaði að leka í 312,4 m

Skolvatn hvarf í 313 - (315 ?) m

Þorleifskot, Hola VI.

Skolvatn hvarf í 496,4 m. Þegar holan var 502,5 m (botn) var jarðvatnsborð 10,5 m.

Þorleifskot, Hola VII.

Skolvatn hvarf öðru hverju fyrstu 20 m.

Skolvatn hvarf alveg 314,8 - 316,8 m og jarðvatn lækkaði um leið úr 4 m í 20 m.

Skolvatn hvarf í 356 - 258,5 m.

Holan lak öðru hverju 378 - 395 m.

Skolvatn hvarf alveg 409 - 425 m.

Eins og sést á þessu yfirliti, kemur vatnið einnig inn á mörgum stöðum í holunum fyrir neðan 200 m dýpi nema í holu VI. Þar kemur það aðeins úr botninum í 496 - 502 m dýpi.

Líklegast er að skýra þessi mörgu innrennsli af vatni þannig, að vatnið komi inn eftir láréttum lögum eins og var við eldri og grynnri boranirnar. Einnig styður það hugmyndina um lárétt rennsli, að vatnið kemur inn á sama dýpi í að minnsta kosti tveimur holum, holu 4 og holu 7, í um 315 m dýpi. Hins vegar virðist þetta vatnsgefandi

lag ekki ná til holu 6, eða það er þá þétt á þeim stað. Betri vitneskja um jarðfræði þessara dýpri laga myndi skýra þetta betur. Annað er athyglisvert við þetta yfirlit um vatnstapið (vatnsrennslíð) í þessum yngri holum, er að í tveimur dýpstu holunum kemur vatnið úr botni holanna. Það eru sem sagt vatnsgefandi lög að minnsta kosti niður á 500 m dýpt. En er eingöngu um lárétt vatnsrennslíð að ræða? Mér þykir líklegt að hitagjafi þessa svæðis liggi miklu dýpra en þegar hefur verið borað. Mér þykir líklegt að heita vatnið komi upp í gegnum sprungur eða upp með göngum og fylli svo ~~greypin~~ (porös) lárétt lög.

Hitinn í borholunum myndi þá vera háður tveimur atriðum. Í fyrsta lagi fjarlægð holunnar frá aðal hitauppstreyminu og greypni þeirra jarðlaga, sem vatnið rennur um. Þeim mun örara sem vatnsrennslíð er þeim mun heitaramundi vatnið vera (~~sexxif~~ minni kæling).

Mestur hiti er í holu 5 og 7.

Hitamælingar

Hitamælingar hafa verið gerðar frá fyrstu tíð. Með jarðlagasniðum Þorsteins Thorsteinssonar fylgdu hitamælingar, sem munu hafa verið gerðar um leið og borað var.

Hitinn kemur mjög ofarlega. Í Laugardælum er yfir 40° á yfirborði. Fyrir neðan hvarfleirlagið, sem liggur undir Þjórsárhraunum, var hitinn kominn yfir 60° við Þorleifskot og 73° í holu 7 í Laugardælum. Síðan hækkar hitastigið áfram. Í 70 - 80 m dýpi er hitastigið orðið um 80°C bæði í Laugardælum og í Þorleifskoti. Það hitnar svo áfram í Þorleifskoti með dýpinu, en í Laugardælum fara holurnar kólnandi fyrir neðan 80 m dýpi, en holurnar

í Þorleifskoti halda áfram að hitna með dýpinu. Hæsta hitastig í eldri holum var í holu 5, 94° í 325 m dýpi, en í Laugardælum í holu 7 var hitinn í botni 170 m dýpi, 69°C .

Seinni hitamælingar.

Hola 6 og 7 eru holar, sem dælt er upp úr. Enn eru þáðar holurnar nokkuð jafn heitar upp úr og niður úr, þó heitast í botninn. Hola 6 er um 65° heit en fer upp í 72° í botni. En hola 7 er um 84° heit, en fer upp í 94° í botni. Sem sagt, hola 7 er heitari en hola 6. En mesti hiti í eldri holum mældist í holu 5, sem þorndi upp þegar hola 7 var boruð. Kann að vera að þarna í kring sé hitamaximum svæðisins.

Breytingar á hitastigi í holunum.

Hola 1 í Þorleifskoti er eftir hitamælingu nú hvergi yfir 65° niður í 120 m dýpi, en var frá 60 m dýpi og niður í botn, sem er í 248 m dýpi, yfir 20° , svo þarna virðist hafa verið kólnun í efstu jarðlögunum um $15 - 20^{\circ}$. Hola 4 er nú viðast undir 60° heit niður á 300 m dýpi, en var sem sagt yfir 80° frá um 60 m dýpi, svo hér hefur kólnað um 20° niður á 300 m dýpi. Hola 3 er nú alveg köld, en hún stendur opin og mun kalt yfirborðsvatn hafa kælt hana alveg niður. Til eru dæmi um kólnun við dælingu frá Laugardælum. Dælt var einn dag í 137 m djúpri holu, og kólnaði vatnið frá 64° niður í 50° .

Hver er orsök þessarar kólnunar? Hún er sennilega sú, að við dælingu í holunum rennur meira af köldu yfirborðsvatni inn á svæðið. Einnig gæti það haft þýðingu, að holar, sem ekki eru virkjaðar, standa opnar, svo ofan í þær getur runnið kalt vatn, sem gæti síðan runnið út um jarðög holunnar, og yrði þá holan eins konar leiðari

fyrir kalt vatn. Áður en borað var, er líklegt, að hvarfleirlagið undir Þjórsárhrauni hafi haldið köldu yfirborðsvatni frá svæðinu.

Efnagreiningar á vatni

Efnagreiningum af vatni frá borholum á svæðinu má skipta í tvennt. Það eru efnagreiningar, sem hafa verið gerðar fyrir eða rétt eftir 1950 og svo efnagreiningar gerðar nú. Auk þess eru til efnagreiningar af yfirborðsvatni frá svæðinu.

Gömlu efnagreiningarnar (frá borholunum) eru líkar innbyrðis (tafla 1). Klórrinnihald er mjög einkennandi, 400 – 500 p.p.m. Kísilsýra er á milli 60 – 70 p.p.m. og súlfat um 80 p.p.m. nema í einni efnagreiningu frá holu 2, Þorleifskoti, 34 p.p.m, en í annarri efnagreiningu frá sömu holu var það um 80 p.p.m. Klórmagnið er hér áttfalt og tifalt miðað við það sem venjulegast er í jarðvatni álika heitu og þetta. Súlfat er einnig nokkuð meira en í venjulegu jarðvatni. Kísilsýra er svipuð og vænta mátti. Híð háa klórmagn mun sennilega vera vegna þess, að vatnið hefur farið í gegnum sjávarset, en eftir ísöld mun þetta svæði hafa verið undir sjó. Eins og áður hefur verið getið, er líklegast að vatnið komi inn eftir láréttum lögum. Nú eru allar gömlu holurnar fremur grunnar, enda er lítill munur á efnainnihaldi vatnsins frá holu til holu. Sem sagt, líklegast að allt vatnið sé komið úr sömu jarðlöggum.

Nú voru gerðar 5 efnagreiningar (tafla 2). Þar af tvær af vatni frá nýjum holum, en hinar eru af vatni úr eldri holum. Það er tvennt sem maður tekur fyrst eftir þegar litið er á þessar efnagreiningar.

I fyrsta lagi hve ólíkar þær eru innbyrðis.

I öðru lagi hve magn uppleystra efna er minna í þessum efnagreiningum, en í eldri og þá sérstaklega klór, sem er minna. Þetta á líka við vatn úr holu, sem hefur verið efnagreint áður.

Um fyrra atriðið er það helzt að segja, að mest er af uppleystum efnum í vatni frá yngstu holunum, holu 6 og 7, sem jafnframt eru dýpstu holurnar.

Ef litíðer á klórmagnið í hinum einstöku efnagreiningum, þá er það hæst í dýpstu holunni, holu 6, 305 p.p.m., en minnst í holu 2, 166 p.p.m. En til eru tvær gamlar efnagreiningar úr sömu holum. Þar var klórinnihaldið 435 og 416 p.p.m. Vatn úr holu 1 í Laugardælum hefur hæst klórinnihald af eldri holunum 297 p.p.m. Súlfat er um 95 p.p.m. í holu 6 og 7, en um 40 p.p.m. í hinum eldri efnagreiningum. Súlfat er breytilegt, oftast um 80 p.p.m., í þessum tveimur gömlu efnagreiningum frá holu 2 er það 34 og 84 p.p.m. I töflu 3 eru teknar saman efnagreiningar frá holu 2 Þorleifskoti.

Kísilsýra er frá 80 - 50 p.p.m., hæst í vatni frá holunni sem hefur hæst hitastig, holu 7. I vatni frá holu 2 56 p.p.m. en í þessum tveimur eldri efnagreiningum af vatni frá holunni er hún 61 og 70 p.p.m. I öllum eldri efnagreiningum er algengast að kísilsýra sé kringum 70 p.p.m.

I töflu 4 eru þrjár gamlar efnagreiningar. Fyrsta efnagreiningin er úr laug, sem kemur upp í hrauni. Efnasamsetning þessa vatns svipar mjög til þess, sem er í holunum í töflu 1 en heldur minna magn uppleystra efna, enda hitastig hér lægra.

Hinar tvær efnagreiningarnar eru allfrábrugðnar öðrum efnagreiningum af svæðinu, miklu minna magn uppleystra efna sérstaklega minna af klóri.

I gögnum þeim, sem þessar efnagreiningar eru skrifðar eftir, er aðeins tilgreint, að þessar efnagreiningar séu frá Laugardælum. Mestar líkur eru til að þetta sé mest yfirborðsvatn tekið til dæmis úr grunnum ófðruðum holum. En flestar holur í Laugardælum eru svo til ófðraðar og hitinn nær parna alveg upp á yfirborð.

Það sést á þessu, að magni uppleystra efna hefur minnkað og þá sérstaklega klórs.

Ef tekin er breyting á magni af einstökum efnum uppleystum í vatni frá holu 2, 1950 og nú (sept. 1965), þá kemur eftirfarandi fram:

Klór hefur minnkað 2,5 sinnum. Súlfat hefur minnkað um helming, kísilsýra um einn fjórðapart. Efnagreiningaráðferðin á tveim síðastnefndu efnunum hefur breyzt, og mun núverandi aðferð vera mun áreiðanlegri. I ákvörðun í kísilsýru mun hafa verið bundin skekkja, þannig að kísilsýran mun hafa verið um tíu próscentum of lág.

Tvær orsakir eru líklegastar fyrir minnkuðu magni uppleystra efna á jarðhitasvæðinu. I fyrsta lagi blöndun við efnasnautt yfirborðsvatn. I öðru lagi útskolun af vissum efnum úr bergeninu.

Ef eingöngu hefði verið um útpyningu að ræða af köldu yfirborðsvatni, þá hefðu öll efni átt að pynnast út í nokkurn veginn sömu hlutföllum, en það hefur ekki gerst hér svo að það getur ekki verið að minnsta kosti eingöngu blöndun, sem er orsök þessarar lækkunar af uppleystum efnunum í vatninu. Hins vegar er erfitt að hugsa sér að kísilsýrumagnið í jarðvatni breytist nema við blöndun (t.d. alltaf nokkurn veginn sama magn af kísilsýru í bergi). Má því ætla, að samsetning jarðvatnsins við Þorleifskot í efstu 200 - 300 m hafi breyst þannig, að núverandi jarðvatn innihaldi einn fjórða part af köldu yfirborðsvatni, sem hafi komið inn á svæðið eftir 1950.

Það er til efnagreining frá holunni við Árbæ, en efna- innihald vatns þar er ekkert líkt því sem er við Þorleifs- kot og Laugardæli, og mun jarðhitinn við Árbæ ekki standa í neinu sambandi við jarðhitann á þessum tveimur stöðum. Hins vegar er meira magn af kísilsýru uppleyst í vatni Árbæjarholunnar en í því heita vatni sem nú er notað fyrir Hitaveitu Selfoss, og getur það bent á hærri botnhita við Árbæ en við Þorleifskot.

Helztu niðurstöður

1. Laugardælir og Þorleifskot er sama jarðhitasvæðið.
2. Vatnsinnstreymið í holurnar virðist koma að verulegu leiti úr láréttum jarðlöögum.
3. Líklegt er, að hitauppstreymið inná svæðið sem heild fari eftir sprungu eða gangi.
4. Jarðvatnið við Þorleifskot hefur kólnað um 20° að minnsta kosti í efstu $\frac{300}{L}$ m síðan 1950. Óvist er hve langt niður þessi kólnun nær.

5. Sennilegt er, að vatnsgefandi jarðlög eða æðar séu einnig fyrir neðan dýpstu holur svæðisins. Því að úr dýpstu holunum kom vatn úr botni þeirra (dýpst hola 6, 502 m). Einnig virðist hiti og vatn vaxa með dýpi.
6. Holur 5 og 7 virðast vera næst hugsanlegu hitauppstreymi.
7. Stærð jarðhitasvæðisins er ókunn.

TABELA 1.

Gennemfæste reininger (bromacilur)

	Borholde 1	Borholde 2	Borholde 2
	Forleifskrotti	Forleifskrotti	Forleifskrotti
Dagsetning	8/7 1950	8/7 1950	24/8 1950
Hittí	84°	8,25	7,7
pH	8,3	633	620
Vianðam ohm cm v.	25°C	0,158	0,1613
Leiðni mho/m	"	0,158	0,162
Harka reiknud sem CaO	p.p.m.	81	68
" "	CaCO ₃	145	122
Cl ⁻	"	485	416
F ⁻	"	0,5	
SiO ₂	"	67	70
SO ₄ ⁻²	"	96	34
F-alkalitet	Ca ²⁺ i HCl	+ O, O	O, O
Si	"	7,6	4,7
Ca	"	7,6	4,7
P ₂ O ₅	"	7,6	4,7
Volutur			

TABELA 2.

Læsningerne er sat i sammenhæng af hvert enkelt
tilstand. Selvom der ikke findes et nærliggende referencemateriale.

Symiskon

Borrihole 6 Borrihole 7 Borrihole 4 Borrihole 1 (IC) Borrihole 2
Forleifskota Forleifskota Forleifskota Forleifskota Forleifskota

Dagsetning 1/9 1965

Temperatur

Vænðam. Øm cm	681	782	977	807
Leiðni Øm m ⁻¹	0,147 • 10 ⁻³	0,128	0,102	0,124
Sýruerða = E _H	8,3	8,3	8,0	8,0
Total Alkellitet CaCO ₃ p.p.m.	33	35	52	50
Primer " "	" "	4	7	8
Sexurðer "	" "	29	52	42
Total Harka "	" "	100	70	50
Total steinefri " "	716	650	480	445
Kufsilsýra SiO ₂ p.p.m.	60	80	50	56
Chlormid-O ₂	205	278	176	166
Natriumchlorid-NaCl p.p.m.	500	456	288	272
Sulfat = SO ₄	55,5	54,0	41,0	40
Fluorit = F	"	0,4	0,3	0,3

3.

1/3 1966
1/3 1966
28/4 1966
8/4 1966
Meeting Room

七

三

Vijayanagar 250

TOKYO 1964 / 100

Harka CaCO_3 D.P.m.

1
5

F
SiO₂

304
Palkalitet

二

二

Steinefni

Steinerini

TETRA 4.

(*Die Verhandlungen der Deutschen Akademie für Sprachwissenschaften*)

*Das Erbe der
Länderkasse*

Daggettine

Með þessu korti var númerað bormolannar í Þorleifskot og Laugardælum breytt, frá og með 20.9.1965, þar sem margar gamliar bortholur eru nú týndar. Vegna eindri teikninga, er eildri númeraðin sýnd hér (innan svigo) til samanburðar við þá nýju.

Þorleifskot

- 1 (12)
- 2 (13)
- 3 (14)
- 4 (15)
- 5 (16)
- 6
- 7

Laugardælir

- 1 (10)
- 2 (6)
- 3 (8)

MÓAR

TÚN

TÚN

MÓAR

TÚN

TÚN

Skyringar:
Gerr eftir loftmynd
Skurður

— Tunjaðar
— Vegur
— Hitaveituleyfsla

— Húsbyggingar
□ 2 Borholu yfirbyggð, með númeri
● 4 Borholu með númeri

N


Mynd I

RAFOR KUMALASTUÓRI	
Yfirlitskort	139-65.s.A/Opn
df	Tr. 8
Laugardælum og Þorleifskoti	J. Þorleifsk.
v/ Hitaveit Selfoss	Fnr. 7188

0 100 200m

LAUGARDÆLIR

ÞORLEIFSKOT




SKÝRINGAR

	Basalt (Þjórsárhraun)		Sandstein
	Basalt		Leirsteinn
	Konglomerat		Breccia
	Fóðurrör		


BORHOLUSNIÐ VIÐ LAUGARDÆLI

LÓÐR. M = 1:1000

LÁR. M = 1:2000



Mynd 2




Dælurstrøm og bortholur
M. 1:500

Hæðaþort
of
Laugetdalum og nægrenni
M. 1:2000

Hæðinum eru í metra

Hola nr.	borthini	djafm	þverm mm
1	1945	29	76
2	1945-46	57	152
3	1946	40	152
4	1946	42	152
5-5a	1946	20-21	152
6	1946	91	152-203
7	1947	175	76
8	1948?	70	152
9	1948?	33	152-203
10	1949	137	152-203
11	1949		

Hola nr. 10 fððurð 37 m




Viðnámsmælingar við Laugardæli

M = 1:2000

MARCH 1974 VOL 50, NO 3

Af 5 to 80 per cent 25-25-25 Nitroar



Viðnámskort

g f

Þorleifskoti og nágrenni

M = 1 : 1000

25 0 25 50 75 100 Mtr.

Afstand pola 25-25-25 mtr.

Viðnámslinumunur 10 ohm. mtr.

Roforkumálastjóri
Jordhitadeild

24.7.62

Tnr. 4 Tnr.

J-Langard.

Enr. 1782

Viðnámsmæling í Laugardælum
Prófill no. II.

Viðnámsmæling í Laugardælum

Prófill no. II

$\Omega \text{hm}/\text{m}$

0

0

0

0

0

0

0

0

Aflitarsíða 243 m²

m

m

m

m

m


6.3.59 CP/PJ

TNR. 40

J- Hitom.

FNR. 4260




Hitamælingar í borholum.



RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Hitamælingar í borholum

6.10.65 S.A./6,6a
Tnr 439 Thr. 4
J-Hitam. J-Porleifs.
Fnr. 7182



Borhole 3

PORLEIFSKOT

Vegna hitaveitu Selfoss
Mælt með termistor 1.9.65

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Hitamæling í Þorleifskoti


Hola dýpkuð með Mayhewbor Mælt 17.4.63

29.II.63 J/Gyða

Tin. 337 Tin. 2

J-Hitam. J-Þorleif.

Tin. 6469



RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild


Hitamælingar í borholum

8.10.65 S.G.S/Gyða

Tnr. 441 Tnr. 5

J-Hitam. J-Borleifsk.

Fax. 7185



BORLEIFSKOT

Borholu 4


Mælt með termófor 10.9.65

Mælt í klst. oftir að dölu
var stöðvun

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

Hitamælingar í borholum

3.10.'65 S.G.S/Gyð
Tnr. 443 Tnr. 7
J-Hitam. J-Borleif
For. 7187



BORLEIFSKOT

Borhola 2


Mælt með termistor 10.9.'65

Mælt ca. 10 min eftir að dæla
var stöðuvuð

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

6.10.65 S.A./Gyða
Tnr. 438 Tnr. 3
J-Hitam. J-Borleifsk.
Fnr. 7101

Hitomælingar í borholum



BORLEIFSKOT

Borhola 7

Vegna hitavöltu Spjóta

Mælt með termistor 49.93

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild


Hitmælingar í borholum

10.6. S.A. 'Gyð'


Tnr. 440 Tnr. 6

J-Hitam. J-Lauga

Fnr. 7183



Borhole 2



Borhole 1


LAUGARDÆLIR

Vegna hitavoltu Selfoss

Mælt með termister 1.9.'65

Hittamæling í borholu.

1.1169 GRAN
Tyr. 348, lær. 6
J-Hittar, LD-91 f,
Par. 5886



RAFORKUMÁLASTJÖRI

SP/GK LJ
Tnr. 333. Tnrl.
J-Hitam-J Selfoss
Fnrl. 6462


Selfoss. Hitamæling.

24.6.63.

Selfoss

10° 20° 30° 40° 50°

100 200 300 400 500 600 700 800 900 1000 1100 1200 1300 1400 1500 1600 1700 1800 1900 2000 m



RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jardhitadeild

Hitamæling í borholu

'Arbær í Ölfusi

23/3 '64 VS/.

J. Hitam. J. Ölfus

Tnr-353 Tnr-18

Fnr-6599

6599

